



Bjarki Hjaltdal Zóphóníasson

f. 13.6. 1946 í Reykjavík

Foreldrar: Zóphónías Pálsson f. 17.4. 1915 á Hvanneyri, Andakílshr., Borg., mælingaverkfræðingur og skipulagsstjóri ríkisins, og Lis Pálsson f. Nellemann 25.1. 1921 í Álaborg, Danmörku, háskólakennari. **Föðurforeldrar:** Páll Zóphóníasson f. 18.11. 1886 í Viðvík, Viðvíkurhr., Skag., d. 1.12. 1964, skólastjóri á Hólum í Hjaltdal, al-

þingismaður og búnaðarmálastjóri í Reykjavík, og Guðrún Þuríður Hannesdóttir f. 11.5. 1881 í Deildartungu, Reykholtssdalshr., Borg., d. 11.11. 1963, húsmóðir. **Móðurforeldrar:** Nicolaj Nellemann f. 20.2. 1892 á Avernakö við Suður-Fjón, Danmörku, d. 16.8. 1976, mælingaverkfræðingur í Álaborg, og Grethe Lund f. 15.1. 1892 á N-Jótlandi, d. 22.12. 1976, húsmóðir. **Maki:** (1974) Ulrike, f. Baierl 6.9. 1948 í Waldkirch im Breisgau, Þýskalandi, blaðakona, Dr. Phil. **Börn:** Magnús Daníel f. 23.6. 1975 í Zürich, nemi, Jakob Nicolai Basil f. 24.4. 1980 í Basel, nemi. **Systkin:** Páll Hjaltdal f. 12.7. 1942 á Odense, Fjóni, byggingatæknifræðingur, Hjalti Nick Hjaltdal f. 20.2. 1944 á Odense, Fjóni, lögfræðingur og skrifstofustjóri, Margrét Hjaltdal f. 13.10. 1953 í Reykjavík, tækniteiknari, myndlistarmaður og myndlistarkennari.

Nám: Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1966. Nám í arkitektúr við Georgia Institute of Technology, Atlanta, Bandaríkjunum 1966–67. Nám í arkitektúr við Eidgenössische Technische Hochschule (ETH) í Zürich, Sviss 1967–72. Lokapróf þaðan 1972. Framhaldsnám við sama skóla 1972–74 í þverfaglegri þróunarhjálp við þriðja heiminn. Starfsnám á Suður-Indlandi; þverfagleg aðstoð við þróunarlöndin 1973–74. **Starfsferill:** Arkitekt hjá Zweifel+Strickler+Ass. í Zürich 1971–72. Aðstoðarkennari við ETH í Zürich 1974–77. Burckhardt & Partner í Basel 1977–85. Stofnaði eigin arkitektastofu, Larghi & Zóphóníasson í Basel 1985, sem árið 1986 varð að Larghi, Zóphóníasson & Blanckarts og 1993 að Blanckarts, Zóphóníasson & Partner. Árið 1989 var stofnað útibú stofunnar í Þýskalandi. Frá 1997 heitir stofan Zophoniasson und Partner Dipl. Architekten ETH/SIA/BDA í Basel og Weil am Rhein. **Helstu verk:** Skrifstofubygging SBV, Basel (1989–92). Aðalstöðvarbygging járnbrautarstöðvar SBB, Basel. Deiliskipulag að miðbæjarkjarna Weil am Rhein (1988–). Deiliskipulag Vitra-fyrirtækisins í Weil am Rhein (1989–). Íbúðabyggingar í Weil am Rhein, Steinen, Laufen, Wintersingen o.fl. (1989–). **Árangur í samk.:** Skipulag Þingvalla 1972; 1. verðlaun – ásamt fleirum. Stjórnstöð fyrir Þjóðarbankann í Liechtenstein 1978; boðskeppni, 2. verðlaun – á vegum Burckhardt & Partner. Íbúðarbyggingar Bertrams-Areal 1986; 1. verðlaun. Skrifstofubygging PAX 1989; 2. verðlaun. Miðbæjarkjarni Weil am Rhein 1989; 1. verðlaun. Dreiländereck í Basel 1994; 1. verðlaun. **Ritstörf:** Urbanism and industrial culture/Industry and urban culture, Birkhäuser Verlag 1990. Die Nordtangente als Inkubator der Stadtplanung, Archithese 1995. **Félagsstörf:** Frumkvöðull og skipuleggjandi málþings félaga háskólakennara í arkitektúr (EAAE og ASCA) á Íslandi sumarið 1989, þar sem viðfangsefnið var

kennslumál í arkitektúr og hvernig standa skyldi að kennslu í byggingarlist á Íslandi í framtíðinni. Frumkvöðull og skipuleggjandi málþings á vegum Vitra- fyrirtækisins og bæjarins Weil am Rhein í apríl 1989, þar sem viðfangsefnið var „Urbanism and industrial culture/Industry and urban culture.“ Félagi í BDA (Bund Deutscher Architekten), DWA (Deutscher Werkbund) og SIA (svissneska arkitektafélaginu). Í héraðsstjórn Landkreis Löerach arkitektafélags í S-Þýskalandi. Í stjórn Íslendingafélagsins í Sviss 1969–73 og frá 1993. **Viðurkenningar:** Rannsóknarstyrkur NATO 1974 til umhverfismála, vísindalegs svæðaskipulags og langtímaspár á Íslandi. Hugo Häring Preis; gæðaviðurkenning 1996 – fyrir íbúðarhverfið Steinen Ost. Verðlaunum úthlutað á þriggja ára fresti í S-Þýskalandi. **Annað:** Visiting professor í Virginia Institute and State University í Blacksburgh, Virginíufylki, Bandaríkjunum 1986, 1988, 1995 og 1996.

Skyldleiki: Bjarki og Páll Hjaltason eru bræðrasynir. Bjarki og Kristín H. Hannesdóttir í Skotlandi eru bræðrabörn. Bjarki og Vatnar Viðarsson eru þremenningar.



Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir

f. 22.4. 1956 í Reykjavík

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir

Foreldrar: Vilhjálmur (Stefán) Guðlaugsson f. 16.7. 1930 á Djúpavogi, S-Múl., húsasmiður í Kópavogi, og Dagmar Ásgeirsdóttir f. 3.10. 1934 í Reykjavík, verslunarmaður. **Föðurforeldrar:** Guðlaugur Stefánsson f. 31.1. 1906 á Hamri í Hamarsfirði, S-Múl., d. 5.11. 1957, hús-gagna- og húsasmiður í Reykjavík, og Bjarnfríður Vil-

hjálmisdóttir f. 4.1. 1905 á Skeggjastöðum í Mosfellssveit, d. 21.7. 1986, saumakona. **Móðurforeldrar:** Ásgeir (Óskar) Matthíasson f. 9.2. 1904 á Akureyri, d. 17.3. 1988, blikksmiður í Reykjavík, og Þorgerður (Jóhanna) Magnúsdóttir f. 24.11. 1905 á Sléttu í Mjóafirði, N-Múl., d. 24.1. 1985, húsmóðir. **Maki:** (1974) Steingrímur Matthíasson f. 30.12. 1953 í Reykjavík, d. 28.10. 1980, námsmaður. Þau skildu 1975. Sambýlismaður: Þór Örn Jónsson f. 8.2. 1958 í Reykjavík, stjórn-mála- og stjórnsýslufræðingur. **Börn:** Brynja Steingrímsdóttir f. 31.5. 1975 í Reykjavík, námsmaður í Árósum, Danmörku. **Systkin:** Ásgeir f. 5.9. 1957 í Reykjavík, húsasmiður, Sjöfn (Guðlaug) f. 1.10. 1961 í Reykjavík, fóstura og bóndi, Hanna (Þorgerður) f. 18.5. 1965 í Kópavogi, líffræðingur.

Nám: Stúdentspróf frá Ármúlaskóla í Reykjavík 1982. Nám í sálarfræði við HÍ, 8 einingar 1984. Nám við Arkitektskolen í Árósum, Danmörku 1986–93. Lokapróf þaðan 1993. Framhaldsnám í skipulagsfræðum á borgum og bæjum við Arkitektskolen í Árósum 1995–96. **Starfsferill:** Skipulagsdeild Kópavogsskaupstaðar sumarið 1989. Ýmis störf í Danmörku á námstímanum. Skipulagsdeild Odder kommune, Danmörku 1996. Hefur starfað á Bygnings og energi kontor Århus Amt frá 1997. **Helstu verk:** Einbýlishúsið Fögruhæð 1, Garðabæ (1991). Ýmis skipulagsverkefni fyrir Odder kommune, s.s. hönnun á framtíðarskipulagi á